Einar Jónsson

Frá: Arni.Vesteinsson@lhg.is **Sent:**19.11.2012 13:28:18
Til: Einar Jónsson
CC: Dagmar.Sigurdardottir@lhg.is
Efni: Landsskipulagsstefna og greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags
Viðhengi:
Málsnúmer: 2011030063

Sæll Einar

Ég hef því miður, af óviðráðanlegum orsökum, ekki haft tök á að fylgjast með vinnunni varðandi landsskipulagsstefnu eins vel og ég hafði hug á að gera. Það er e.t.v. of seint um rassinn gripið að blanda sér í málið núna en upp á framhaldið ætla ég að gera það og það í fyllstu vinsemd.

Ég vil á þessari stundu koma á framfæri einni efnislegri athugasemd við greinargerðina um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags. Ég tel að sjómælingar og sjókortagerð falli undir efni 4. kafla, Kortlagning á lífríki, notkun og vernd. Kortlagning er hér lykilorð en sjómælingar og sjókortagerð snúast einmitt um kortlagningu hafsbotnsins. Sú kortlagning er grundvöllur allra annara athafna á hafinu.

Það þarf að kortleggja hafið svo menn viti hvernig "landið liggur" hvað varðar dýpi og lögun hafsbotnsins. Það er grundvöllurinn sem allt hvílir á. Það er tómt mál að tala um framkvæmdir, nýtingu eða skipulag, af hvaða tagi sem vera skal, ef þessi grundvöllur er ekki til staðar. Þess vegna tel ég kortlagningu hafsbotnsins (sjómælingar og sjókortagerð) vera eina af mikilvægustu stoðunum undir haf- og strandsvæðaskipulagi á Íslandi.

Það hefði verið gagnlegt að fá umfjöllun um stöðu kortlagningar hafsbotnsins inn í 4. kafla en úr því sem komið er verður því væntanlega ekki við komið en ég geri mér góðar vonir um að það verði gert á vettvangi landsskipulags þótt síðar verði.

kv.
Árni

Árni Þór Vésteinsson
Deildarstjóri kortadeildar - Head of Cartographic Section
Landhelgisgæsla Íslands - Sjómælingar Íslands
Icelandic Coast Guard - Hydrographic Department
Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík
Sími/Tel.: (354) 545 2000, Beint/Dir.: (354) 545 2121
Email: arni@lhg.is URL: http://www.lhg.is
Fyrirvari/Disclaimer
http://www.lhg.is/disclaimer